

10. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 3. desember 2015 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnese 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnese 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnese 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun 2016-2019 fyrri umræða
 2. Planið við Kaupfélagi-aupplýsingar um stöðu
 3. Reynslunni ríkari- Ráðgjöf í ferðapjónustu-bréf
 4. Skipulagsstofnun-skipulag og ferðamál
 5. Fundargerð skólanefndar lögð fram til kynningar og umræðu
 6. Þjónustusamningur v. Byggðasafns Húnv. og Strandamanna lagður fram til kynningar.
 7. Snorraverkefnið 2016. Beiðni um fjárstyrk
 8. Svæðisskipulag-umræða um þáttöku Árneshrepps
 9. Skipulags og byggingafulltrúi –bréf vegna breytinga á embætti
 10. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða-staða á umsókn
 11. Sorpsamlag-rekstaráætlun lögð fram til kynningar
 12. Sorpsamlag fundargerð aðalfundar lögð fram til kynningar
 13. Vatn-fyrirspurn vegna stöðu á vatnsmálum
1. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2016-2019. Nokkrum atriðum þarf að bæta við vegna fjárhagsáætlunar:
 - Vegna neysluvatns í Norðurfirði 1.500.000.
 - Losun á rotþróum 800.000
 - Máling á þaki félagsheimilis 500.000
 - Grindverk við grunnskólann og málun á skúr 200.000
 - Framkvæmd á íbúðum í Kaupfélagshúsi og svalir 1.500.000
 - Baðherbergi í elstu íbúð Kaupfélagshúss 1.000.000

Umræður voru um þarfar endurbætur á skólanum en skipta þarf um klæðningu á húsinu á allra næstu árum. Ekki er talið mögulegt að gera þetta á næsta ári. Ákveðið var að hækka rotþróargjald og sorphirðugjald um 7% hvort. Útsvarsprósenta verður nýtt í hámark.
 2. Planið við Kaupfélagshús hefur verið greitt að fullu. Borgarverk mun koma næsta sumar og sópa planið.
 3. Bréfn um ráðgjöf í ferðapjónustu frá Reynslunni ríkari lagt fram til kynningar.
 4. Bæklingur um skipulag og ferðamál frá Skipulagsstofnun lagt fram til kynningar.
 5. Fundargerð skólanefndar lögð fram til kynningar og umræðu.
 6. Þjónustusamningur vegna Byggðasafns Húnv. og Stranda lagður fram til kynningar.
 7. Beiðni um styrk vegna Snorraverkefnis 2016. Beiðni var hafnað.
 8. Þátttaka Árneshrepps vegna svæðisskipulags rædd. Ákveðið var að Árneshreppur taki ekki þátt að sinni.

9. Bréf vegna breytinga á embætti skipulags og byggingafulltrúa um sameiningu með Strandabyggð og Kaldrananeshrepp lagt fram til kynningar. Samþykkt var að vera með í þessu samstarfi.

111.

10. Staða á umsókn Árneshrepps vegna framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er sú að ekki er búið að vinna úr umsóknum.
11. Rekstraráætlun Sorpsamlagsins lögð fram til kynningar.
12. Fundargerð aðalfundar Sorpsamlagsins lögð fram til kynningar.
13. Fyrirspurn vegna stöðu á vatnsmálum rædd. Ákveðið var að kaupa geislatæki sem sett verður á vatnsinntak í Kaupfélagshúsi.
14. Aukaliður í fundargerð: rætt var um innansveitarmokstur. Ekki tókst að koma barni í skóla vegna þess að ekki var flogið og því ekki mokað. Ákveðið var að senda innanríkisráðherra bréf vegna þessa máls.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:50